

FUNDARGERÐ

320. fundur stjórnar HEF veitna ehf. haldinn í fundasal HEF veitna, Fellabrun 1, þriðjudaginn 7. mars 2023 kl. 14:00.

Mætt eru:

Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Vilhjálmur Jónsson (VJ) í fjarfundi, Hildur Þórisdóttir (HP) í fjarfundi, Ívar Karl Hafliðason (ÍKH), Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ) Aðalsteinn Þórhallsson (AÞ) framkvæmdastjóri.

Magnús Jónsson frá KPMG var í fjarfundi undir lið 1.

Þorsteinn B. Ragnarsson, verkefnastjóri sat undir liðum 3 og 4.

Ágústa Björnsdóttir stýrði fundinum.

Dagskrá

- 1 Ársreikningur 2022
 - 2 Hitaveita í Eiða – ákvörðun um efnisval og framhald
 - 3 Fráveita frá Blábjörgum
 - 4 Jarðhitaleit, staða og samningar
 - 5 Undirbúningur og tímasetning aðalfundar 2023
 - 6 Kyndingarkostir á Seyðisfirði – vinna starfshóps
 - 7 UV09 – endurnýjun dælubúnaðar
 - 8 Starfsmannamál
 - 9 Önnur mál
 - a. Ljósleiðari í Fljótsdal
 - b. Ársreikningur Samorku 2022
-

1 Ársreikningur 2022

MJ fór yfir drög að ársreikningi og svaraði spurningum, stjórn þakkar honum fyrir yfirferðina. MJ fór yfir þær minniháttar breytingar sem gerðar hafa verið á reikningum frá því drög voru lögð fram á síðasta fundi.

Stjórn HEF veitna ehf. leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa 2023 vegna rekstrarársins 2022, en vísar að öðru leyti til ársreiknings um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningi.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Helstu tölur úr ársreikningi:

Helstu tölur úr ársreikningi:	2022	2021	2020
Rekstrartekjur	674.030.797	641.210.938	489.682.296
Rekstrargjöld	237.145.266	233.601.750	187.233.121
Rekstrarhagnaður (-tap) (EBITDA)	436.885.531	407.609.188	302.449.175
Afskriftir	111.392.447	106.843.821	102.090.414
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði	325.493.084	300.765.367	200.358.761
Hrein fjármagnsútgjöld	55.571.663	26.214.146	67.674.500
Hagnaður fyrir tekjuskatt	269.921.421	274.551.221	132.684.261
Hagnaður ársins	252.423.362	250.939.204	121.305.956
Eigið fé	1.721.797.824	1.469.374.462	1.069.348.471
Eigið fé og skuldir samtals	2.796.022.049	2.630.556.602	2.421.951.369
Langtímaskuldir	836.253.742	916.244.971	1.151.373.386
Eiginfjárlutfall	61,6%	55,9%	44,2%

Ársreikningur 2022 var samþykktur samhljóða og undirritaður af stjórn og framkvæmdastjóra rafrænt.

2 Hitaveita í Eiða – ákvörðun um efnisval og framhald

Framkvæmdastjóri upplýsti um stöðu efniskaupa og upplýsir að þau séu á áætlun.

3 Fráveita frá Blábjörgum

Vegagerðin – siglingasvið hefur bætt brimvörn framan nýbyggingar Blábjarga sem þrengir að rotþró HEF. Framkvæmdarstjóra er falið að koma á fundi milli HEF-veitna, fulltrúa Blábjarga og skipulagssviði Múlaþings og finna leiðir til að ljúka málinu.

4 Jarðhitaleit, staða og samningar

Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður fóru yfir stöðu mála. Breytingatillaga við samningsdrög kom frá landeigendum fyrir nokkrum vikum. Framkvæmdastjóra og stjórnarformanni falið að halda áfram viðræðum með lögmanni félagsins.

Samþykkt samhljóða

5 Undirbúningur og tímasetning aðalfundar 2023

Fundurinn verður haldinn í Þingmúla í Valaskjálfi 23. mars næstkomandi kl. 16:30. Fundarboð hefur verið sent. Kynning verður á ljósleiðaraverkefningu á Fljótsdalshéraði að loknum fundi.

6 Kyndingarkostir á Seyðisfirði – vinna starfshóps

Vinna starfshópsins er hafin. Hópurinn mun funda vikulega, 2 fundir hafa verið haldnir. Framkvæmdarstjóri fór yfir fundargerðir fyrstu tveggja funda hópsins.

Til kynningar.

7 UV09 – endurnýjun dælubúnaðar

Dæla í holu UV09 bilaði 9. febrúar. Verið er að taka dæluna upp í þessari viku. Búnaður verður yfirfarinn og endurnýttur eins og kostur er ef samskonar útfærsla dælingar verður fyrir valinu, en til skoðunar er að setja djúpdælubúnað í holuna sem gæti reynst hagkvæmari en sá búnaður sem þjónað hefur hingað til.

Mál áfram í vinnslu.

8 Starfsmannamál

Stefán Númi Stefánsson verður í vinnu út marsmánuð þegar hann heldur út í atvinnumennsku og óskar stjórn honum góðs gengis.

9 Önnur mál

a. Ljósleiðari í Fljótsdal

Framkvæmdastjóri kynntu stöðu samningagerðar við Fljótsdalshrepp. Honum falið að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum.

b. Ársreikningur Samorku 2022

Framkvæmdastjóri leggur fram til kynningar, ársreikning Samorku fyrir árið 2022.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundi slitið kl. 16:55

Fundargerð ritaði Ívar Karl Hafliðason.

Fundargerð staðfest, _____ 2023

_____	_____
_____	_____
_____	_____